

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Staða markaðsverðbréfa

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla

Tilgangur

Hagskýrsla um stöðu verðbréfa útgefin á Íslandi.

Heimildir

Gögn um skráð hlutabréf og skuldabréf atvinnufyrirtækja, sveitarfélaga og erlend skuldabréf eru fengnar frá Kauphöll Íslands (Nasdaq OMXI). Upplýsingar um ríkisverðbréf eru fengnar frá Lánasýslu ríkisins. Aðrar upplýsingar eru teknar úr mánaðarlegum efnahagsyfirlitum innlánsstofnana, ýmissa lánaþyrirtækja og hlutdeildarsjóða til Seðlabankans.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, 29. gr.](#)

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Verðbréf eru framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar (t.d. skuldabréf og víxlar) svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum (t.d. hlutabréf). Skilgreining á innlendum verðbréfum miðast við að búseta útgefenda þeirra sé á Íslandi. Verðbréf geta verið skráð á markaði eða óskráð en form þeirra er að það sama.

Markaðsverðbréf er framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sem dæmi um markaðsverðbréf má nefna ríkisbréf, ríkisvixla, íbúðabréf og hlutabréf sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Markaðsskuldabréf er framseljanlegt skuldabréf sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og önnur lánskjör s.s. endurgreiðslur, vaxtakjör og uppsagnarákvæði eftir því sem við á.

Ríkisbréf er skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs til lengri tíma en eins árs til að afla sér innlends lánsfjár á markaði til eigin fjármögnunar. Ríkisbréf eru flokkuð í *óverðtryggð* og *verðtryggð ríkisbréf (áður nefnt spariskírteini) í íslenskum krónum*. *Gengistryggð ríkisbréf* voru gefin út hér á landi á níunda áratug síðust aldar en eru nú uppgreidd.

Banka- og sparisjóðsbréf eru skuldabréf útgefin af innlánsstofnunum. Þau geta ýmist verið verðtryggð, óverðtryggð eða gengisbundin.

Íbúðabréf eru skuldabréf (HFF) sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði (frá 1. júlí 2004) til að fjármagna peningalán til húsnæðis kaupenda eða –byggjenda.

Húsbréf eru skuldabréf sem gefin voru út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) á tímabilinu 1989 – 1. júlí 2004 til að fjármagna útlán til húsnæðis kaupenda eða –byggingar.

Húsnæðisbréf eru skuldabréf sem gefin voru út af Íbúðalánasjóði (áður Húsnæðisstofnun) til að fjármagna félagslega íbúðalánakerfið.

Bréf annarra lánastofnana eru skuldabréf útgefin af öðrum lánastofnunum en innlánsstofnunum og Íbúðalánasjóði.

Skráð bréf atvinnufyrirtækja eru skuldabréf sem útgefin eru af atvinnufyrirtækjum og skráð í Kauphöll Íslands.

Skráð bréf sveitarfélaga eru skuldabréf sem útgefin eru af sveitarfélögum og skráð í Kauphöll Íslands.

Skráð erlend skuldabréf eru skuldabréf sem útgefin eru af erlendum aðilum og skráð í Kauphöll Íslands.

Ríkisvixlar eru óverðtryggð peningabréf útgefin af Ríkissjóði Íslands til skemmri tíma en eins árs. Þeir bera forvexti og höfuðstóll er greiddur á nafnverði á gjalddaga.

Banka- og sparisjóðsvixlar eru vixlar innlánsstofnana útgefnir til eigin fjármögnunar til skamms tíma.

Vixlar ýmissa lánaþyrtaekja. Hér undir eru færðir vixlar útgefnir af ýmsum lánaþyrtaekjum.

Hlutdeildarskírteini er fjármálagerningur sem er staðfesting á tilkalli allra þeirra sem eiga hlutdeild í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, eða einstakri deild hans, til verðbréfaeignar sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins, eða viðkomandi deildar, í hlutfalli við hlutdeild sína. Hlutdeildarsjóðir eru flokkaðir í verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestarsjóði.

Kauphöll er markaður samkvæmt skilgreiningu [laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998](#), þ.e. markaður þar sem opinber skráning fjármálagerninga og viðskipti með þá fara fram og sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 3. og 10. gr. laga um kauphöll nr. 34/1998.

Hlutabréf er ávísun á ákveðinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki sem rekið er sem hlutafélag. Hlutafélagið gefur út sérstakt skjal (hlutabréf) til sönnunar því að eigandi þess (hluthafi) eigi ákveðinn hlut í eignum fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess. Hlutabréf eru oftast viðskiptabréf, þ.e. þau geta gengið kaupum og sölum eins og tilgreint er í samþykktum félagsins.

Aðallisti – opinber skráning í kauphöll. Við skráningu hlutabréfa á Aðallista eru sett skilyrði um lágmarksstærð hlutabréfaflokksins, lágmarksdreifingu hlutafjár og atkvæðisréttar, svo og að fyrirbyggjandi skulu vera endurskoðaðir ársreikningar fyrir 3 heil ár.

Annað. First North er hliðarmarkaður starfræktur af kauphöllunum innan NASDAQ OMX og hefur ekki sömu lagalegu stöðu og skipulegur verðbréfamarkaður sem lýtur ESB-löggjöfni. Félög lúta reglum First North en ekki lögbundnum skilyrðum fyrir skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði. Áhætta af fjárfestingum þar kann því að vera meiri en á aðalmarkaði. Undir þessum lið eru hlutafélög sem skráð eru á tilboðsmarkað og áður voru hér einnig félög á Vaxtarlista Kauphallarinnar.

3. Áreiðanleiki gagna

Upplýsingar eru fengnar beint frá viðkomandi aðilum eða úr skýrslum sem þeir senda til Gagnasöfnunar og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands.

4. Endurskoðun gagna

Gögn eru ekki sérstaklega endurskoðuð nema vegna leiðréttinga á aðsendum gögnum.

5. Birting

Markaðsverðbréf eru birt á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#) einu sinni í mánuði. Á sama tíma er einnig gefin út fréttatilkynning með helstu niðurstöðum. Söfnun upplýsinga hófst árið 1992 og eru gögnin til á mánaðarlegri tíðni frá þeim tíma.